

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



Dags eftirlits	13.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.)	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlit er varða starfsemi án starfsleyfis, losun í loft, mat á heildarlosun og takmörkun aðgangs. Opín eru fimm eldri frávik er varða geymslu gjallsands og saltköku, styrk vetnisflúoríðs í útblæstri og losun ryks um dyr á sunnanverðu verksmiðjuhúsi. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktari úrbótaáætlun frá 27. nóvember 2024 vegna eldri frávika. Ein ábending er sett fram vegna umbúða utan af efnum.

Við útgáfu lokaskýrslu voru í auglýsingu áform Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu bráðabirgðaheimildar fyrir Al álvinnslu til reksturs á nýjum vinnsluferli fyrir saltköku.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi Als álvinnslu. Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða úrbóta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Opín eru fimm frávik úr fyrri eftirlitum er varða geymslu gjallsands og saltköku, styrk vetnisflúoríðs í útblæstri og losun ryks um dyr á sunnanverðu verksmiðjuhúsinu. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktari úrbótaáætlun frá 27. nóvember 2024.

Rekstraraðili hefur unnið að tilraunum með endurvinnslu saltköku og féll sú tilraun undir prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ferillinn því undanþeginn starfsleyfisskyldu í allt að þrjú ár. Verkefnið hefur því verið á tilraunastigi frá 2023 og verður út árið 2025, eftir það þarf rekstraraðili að vera með starfsleyfi fyrir þessari vinnslulínu. Rekstraraðili hefur á tímabilinu unnið að því að skala upp ferlið og bygging nýrrar vinnslulínu langt komin. Töluvert er enn af saltköku bæði innan- og utandýra sem áætlað er að verði hægt að vinna niður þegar nýja vinnslulínan kemst í gagnið. Frávik vegna geymslu saltköku helst opið en staðfest var í eftirliti að uppsetningu vinnslulínu miðar vel áfram.

Fram kom í eftirlitinu að rekstraraðili hefur fest kaup á nýju hreinsivirki fyrir útblástur sem áætlað er að komi til landsins í desember 2025 og muni bæta hreinsun á útblæstri frá verksmiðjunni. Frávik vegna útblásturs haldast opín.

Nýjar dyr hafa verið settar á norðurhlið verksmiðjuhússins og umferð að sunnanverðu því minnkað. Áfram er unnið að breytingum innanhúss, m.a. endurbótum við þurrferil verksmiðjunnar til að draga úr ryklosun um útkeyrsludyr að sunnanverðu. Frávik heldur helst opið en staðfest var í eftirliti að úrbótum miðar vel áfram.

Við eftirlit komu fram fjögur frávik er varða starfsemi án starfsleyfis, losun í loft, mat á heildarlosun og takmörkun aðgangs.

Starfsleyfi rekstraraðila er bundið við heimilisfangið Klafastaðaveg 4. Rekstraraðili er þó einnig með starfsemi á Klafastaðavegi 6 og Tangavegi 3 sem ekki er með starfsleyfi og telst það frávik frá 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Mælingar í útblæstri voru framkvæmdar 14. mars 2024. Mælt er ryk, loftkennt flúoríð (HF), HCl og Cl₂ í útblæstir og reyndust öll gildi, nema Cl₂, vera yfir losunarmörkum í starfsleyfi.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Búið er að malbika helstu akstursleiðir og plan norðanmegin

við verksmiðjuhúsið. Svæðið er vel skipulagt og mikill munur frá síðasta eftirliti. Aðgangur að svæðinu er ekki takmarkaður, en samkvæmt gr. 3.22 í starfsleyfinu skal öll geymsla hráefna og framleiðsluvöru utandyra vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður og því er um frávik að ræða.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi

Starfsleyfi rekstraraðila er bundið við Klafastaðaveg 4. Rekstraraðili er þó einnig með starfsemi á Klafastaðavegi 6 og Tangavegi 3 sem ekki er með starfsleyfi.

gr. 2.4 í starfsleyfi

Vinnusvæði, geymsla hráefna og framleiðsluvöru skulu vera lokuð og afgirt og aðgangur óviðkomandi bannaður. Greiður aðgangur er að athafnasvæði rekstraraðila norðanmegin við verksmiðjuhús.

gr. 3.7 í starfsleyfi

Mælingar í útblæstri voru framkvæmdar 14. mars 2024. Mælt var ryk, loftkennt flúoríð (HF), HCl og Cl₂ í útblæstir og reyndust öll gildi, nema Cl₂, vera yfir losunarmörkum í starfsleyfi.

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal árlega meta heildarlosun verksmiðjunnar af ryki, PAH efnum, PCDD/F efnum, NO_x og þungmálum. Mati fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.

ÁBENDINGAR

Stofnunin bendir á að umbúðir utan af spilliefnum teljast einnig vera spilliefni og skal fargað í samræmi við það.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.01.2026



Sigríður Magnúsdóttir